

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Suðurlands Kirkjuferjuháleiga/Selfoss



Dags eftirlits	27.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Suðurlands	Eftirlitsmaður	
Heimili	Austurvegi 56, Selfossi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420481-0719	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Guðmundsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Suðurlands að Kirkjuferjuháleigu. Eitt frávik kom fram við eftirlit og ein ábending var sett fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands fyrir rekstri urðunarstaðar að Kirkjuferjuháleigu. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Fyrirmæli um frágang og vöktun
- Starfsleyfi urðunarstaðarins
- Áhættumat um tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð

Á urðunarstaðnum við Kirkjuferjuháleigu er í gildi starfsleyfi og fyrirmæli um frágang og vöktun. Engin starfsemi er á urðunarstaðnum en fram kom í eftirlitinu að áhugi væri hjá eigendum urðunarstaðarins að nýta hann á einhvern hátt og var þeim bent á að hafa samráð við Umhverfisstofnun vegna þessa.

Farið var yfir ákvæði fyrirmæla um frágang og vöktun og starfsleyfi urðunarstaðarins. Rekstraraðili hefur skilað inn vöktunarskýrslu í samræmi við gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun.

Fjallað var um áhættumat vegna ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Urðunarstaðurinn er sem stendur í áhættuflokk C og eftirlit því annað hvert ár. Áhættumat er endurskoðað árlega samhliða eftirliti.

Fram fór samráðsfundur með rekstraraðila og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Ofan á einni urðunarreininni, þar sem ekið er upp á hana, sást nokkuð af úrgangi sem og við hliðina hafði myndast tjörn. Frágangi á yfirborði er því ábótavant á þessum stað. Að öðru leyti var urðunarstaðurinn snyrtilegur.

### Frávik frá

### Lýsing á frávik

Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun Frágangur á yfirborðslagi er ekki fullnægjandi, nokkuð af úrgangi var á yfirborði og tjörn hafði myndast á einni urðunarreininni, sbr. tl. 4, 5 og 9 í kafla 3.1 og 3.2 í lokunaráætlun.





## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að sé fyrirhugað að kanna nýtingarmöguleika fyrir urðunarstaðinn þarf að hafa samráð við Umhverfisstofnun.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.06.2021



---

Sigríður Magnúsdóttir

